

Sjálfsmatsskýrsla

Grunnskóla Borgarfjarðar



2025 – 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Einkenni stofnunarinnar	4
Húsnæði	4
Skólalóð	4
Nemendur	5
Starfsmenn	5
Stefna og markmið	6
Framtíðarsýn	6
Einkunnarorð	6
Gildi	6
Árlegar kannanir	7
Sérkennsla	7
Stöðu- og framvindupróf	8
Lesfimi	8
Kannanir	10
Foreldrasamtöl	10
Starfsþróunarsamtöl	10
Sjálfsmatsáætlun	10
Niðurstöður innra mats	12
Eftirfylgd með umbótaáætlun innra mats	13

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina veika og sterka þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir og margir ólíkir þættir móta skólastarfið. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið í heild sinni. Sjálfsmat skóla er liður í þróun og vexti þeirra auk þess sem það er leið til að miðla þekkingu á skólastarfi. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykilli að því að gera góðan skóla betri.

Það er í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs samkvæmt nýjum grunnskólalögum, sbr. 5., 6. og 37.gr. og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein laganna kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37.gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Sjá [grunnskólalögin](#).

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Matið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert, til þessa að uppfylla viðmið laga.

Grunnskóli Borgarfjarðar hefur starfað í 16 ár. Í vetur var unnið í vefumhverfi á vegum BRAVOLesson sem heldur utan um allt innra mat skólans. Niðurstöður alls mats eru skráðar þar inn og auðvelt að fylgjast með árangri umbótaáætlana og bæta nýjum þáttum inn í sjálfsmatið.

Einkenni stofnunarinnar

Húsnæði

Hvanneyri

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans. Í barnaskólanum eru þrjár almennar kennslustofur, myndmenntarstofa, tvö minni kennslurými, bókasafn, starfsmannaaðstaða og eldhús. Íþróttakennsla fer bæði fram utan dyra og í íþróttahúsinu. Sundkennsla fer fram í Hreppslaug í Skorradal. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

Kleppjárnsreykir

Kennsla fer fram í þremur byggingum; í grunnskólanum, smáhýsi við skólann og í íþróttahúsinu á Kleppjárnsreykjum. Í vetur var nýtt húsnæði grunnskólans tekið í notkun fyrst tvær kennslustofur og um áramót öll nýbyggingin. Í henni eru 4 kennslustofur auk matsalar og bókasafns. Einnig eru 2 kennslurými sem Listaskóli Borgarfjarða nýtir, rými fyrir minni námshópa, félagsaðstaða nemenda, starfsmannaaðstaða og mótuneyti. Í eldri hluta skólahúsnæðisins eru 4 kennslustofur, kennslueldhús og aðstaða til tónlistarkennslu og sérkennslu eða kennslu minni námshópa. Í smáhýsinu fer fram mynd- og textílmennar kennsla en smíðakennslan fer fram í færanlegri kennslustofu. Í íþróttahúsinu fer fram öll íþróttakennsla og sundkennsla í sundlauginni við íþróttahúsið. Frístund er starfrækt í skólahúsnæðinu eftir skólatíma til kl. 16:00.

Varmaland

Kennsla fer fram í tveimur byggingum: í grunnskólanum og í íþrótt- og félagsheimilinu Þinghamri. Almenn kennsla fer fram í grunnskólanum en þar er einnig skólasafn, textíl- og myndmenntastofa, starfsmannaaðstaða og mótuneyti. Í Þinghamri er íþróttasalur, sundlaug, smíðastofa og aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu. Frístund er starfrækt í skólahúsnæðinu eftir skólatíma til kl. 16:00.

Skólalóð

Hvanneyri

Skólalóðin er miðsvæðis og liggur ekki að umferðargötum. Lóðin er að mestu leyti mól en hellulagt var frá inngangi að steypa vellinum og í kringum rólur eru gúmmímottur. Á lóðinni er góður gervigrasvöllur og steypur körfubolta/fótboltavöllur. Einnig eru klifurgrind, pannavöllur, ærslabelgur og aparóla. Í nágrenni skólans er svæði sem er nýtt sem útinámssvæði skólans. Það kallast Skjólbeltin og hefur verið nýtt í samstarfi við leikskólann Andabæ og Landbúnaðarháskólann. Þar er grasflötur umlukinn trjám og þar er svið, fuglaskoðunarkofi og yfirbyggt eldstæði.

Kleppjárnsreykir

Skólalóðin hefur tekið breytingum þar sem bílastæðin voru tekin undir leiksvæði. Þar er pannan og körfuboltavöllur. Í porti sem myndast af skólabyggingunni eru leiktæki og í kringum þau gúmmímottur. Utar er stór gras-fótboltavöllur og grasflatir umhverfis skólann sem nýtast sem leiksvæði. Einnig er sparkvöllur við íþróttahúsið. Skólinn hefur einnig til umræða gamalt tún í næsta nágrenni svokallað Læknistún og þar hefur verið unnið að

aðstöðu fyrir útikennslu með byggingu skýlis og gerð eldstæðis. Þar hafa einnig verið gróðursettar plöntur til skjólmyndunar. Vegna framkvæmda hefur þrengt að skólalóðinni og einnig aðstöðu til úti-íþróttakennslu.

Varmaland

Umhverfis bygginguna eru skjólgóð svæði með grasflötum, stétt, svæði með leiktækjum, pannavelli og körfuboltavelli. Skammt frá skólanum er gras fótboltavöllur, strandblaksvöllur og frjálsíþróttasvæði. Náttúrulegt umhverfi skólans, skógur og hnjúkurinn hentar vel til útivistar og útináms en einnig er leiksvæði í skóginum og aðstaða til útináms og gott eldstæði til útiöldunar. Verið er að vinna að leiksvæði fyrir leikskólann fyrir aftan skólahúsnæðið.

Nemendur

Á Hvanneyri var kennt í tveimur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 3. bekk og 4. – 5. bekk.

Á Kleppjárnsreykjum var kennt í fjórum bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 2. bekk, 3. – 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.

Á Varmalandi var kennt í tveimur bekkjardeildum, þ.e. samkennt í 1. – 2. bekk og 3. – 4. bekk.

Starfsmenn

Stjórnendur

Skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar er Helga Jensína Svavarsdóttir. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri Kleppjárnsreykjadeildar er Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri Varmalandsdeildar, Anna Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri Hvanneyrardeildar og María Jónsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu.

Stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Stöðugildi
Stjórnun	5	3,85
Almenn kennsla/sérkennsla	26	19,75
Námsráðgjafi, þroskaþjálfari og iðjuþjálfari	3	2,2
Stuðningsfulltrúi	14	10,2
Skólaliði, umsjón bókasafns og ritari	7	2,81
Mötuneyti	5	4,55
Tölvuumsjón	1	0,2
Verkefnastjórnun (Framtíðarfolk)	1	0,2
Nemendafélag	1	0,2
	Samtals: 63	43,96

Starfsmenn eru samtals 52 (e-r gegna fleiri en einu starfi) í 43,77 stöðugildum. Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 10 eða 19% af starfsmönnum skólans.

Stefna og markmið

Hlutverk Grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að

- stuðla að velliðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og áræðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins

Framtíðarsýn

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.

Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru *gleði, heilbrigði og árangur*. Hugtökin þrjú lýsa best skólastarfi GBf og við hverju nemendur mega búast innan hans.

Gleði vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa sem skólinn vill að nemendur hafi til námsins og skólans og sé um leið lýsandi fyrir ríkjandi samskiptaform. Án gleðinnar er erfitt fyrir nemendur að ná þeim góða árangri sem skólinn væntir af þeim.

Heilbrigði, vísar til andlegs og líkamlegs heilbrigðis sem er lykilþáttur nemenda til að ná árangri. Skólinn leggur sitt af mörkum til að auka heilbrigði nemenda með daglegri, skipulagðri hreyfingu og hollum mat í mótuneytinu.

Árangur vísar til þess árangurs nemenda sem skólinn vill að hver einstaklingur nái bæði í námi og á félagslega sviðinu.

Markmiðið er að nemendur upplifi veru sína í skólanum eftir einkunnarorðum hans. Stefna skólans er einstaklingsmiðað nám með áherslu á útinám og hreyfingu, sjá nánar á heimasíðu skólans, www.gbf.is

Gildi

Við:

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum
- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika í samskiptum
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við gerum
- gætum fyllsta trúnaðar um málefni annarra
- hvetjum til heilbrigðs lífennis

Árlegar kannanir

	Bekkur	Framkvæmd	Tímasetning
Leið til læsis	1. bekkur	Umsjónarkennari	Október
Lesfimi	1.- 10. bekkur	Umsjónarkennari	September, janúar og maí
Læsi, lestrarskimun	1. og 2. bekkur	Umsjónarkennari	Nóvember, febrúar og apríl
Orðarún	3. – 8. bekkur	Umsjónarkennari	Haust og vor
Talnalýkill	3. bekkur	Umsjónarkennari og deildarstjóri	Haust
	6. bekkur		Vor

Í lestrarstefnu Borgarbyggðar (www.gbfi.is/skolinn/lestrarstefna/attachment/lestrarstefna-leik-og-grunnskola-borgarbyggdar-2017-2021/) eru nánari upplýsingar um matstæki, framkvæmd og hvernig unnið er með niðurstöðum.

Sérkennsla

Við skólann starfa sérkennari í 60% starfi, þroskajálfi í 100% starfi, iðjubálfi í 80% starfi, og 12 stuðningsfulltrúar. Einnig eru 2 kennarar sem sinna ÍSAT kennslu. Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir sérkennslu í 25% starfi og deildarstjórar á Hvanneyri og Varmalandi sinna sérkennslu.

Sérkennsla fer að nokkru leyti fram inni í bekkjum og er sinnt af umsjónarkennurum og stundum sérkennara. Stundum fer sérkennslan fram í sérkennslustofu eða næðisrými.

Á Kleppjárnsreykjum er starfrækt námsver þar sem nokkrir nemendur af unglingastigi og einn nemandi af miðstigi fá sérkennslu og stuðning bæði við nám, félagsleg samskipti og daglegt líf. Þar eru alltaf tveir starfsmenn, sérkennari og stuðningsfulltrúi eða tveir stuðningsfulltrúar. Tveir nemendur voru alfarið í námsveri í vetur en fjórir nemendur af unglingastigi sóttu þar tíma samkvæmt stundaskrá.

Stuðningsfulltrúar í GBF eru: einn á unglingastigi, þrír á miðstigi og ellefu á yngsta stigi.

Þeir sinna stuðningi við einstaka nemendur og vinna einnig með hópnum eftir þörfum.

Heildarfjöldi stuðningsfulltrúatíma	327	kennslustundir á viku
Sérkennslutímar sérkennara	34	-
Kennslustundir iðjubálfa	24	-
Kennslustundir í ÍSAT:	27	-

Á unglingastigi eru fimm nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þeir fengu að jafnaði 4 ÍSAT tíma á viku. Á miðstigi eru þrír nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og fengu þeir ÍSAT kennslu 5 stundir á viku. Á yngsta stigi á Varmalandi fengu

fimmtán nemendur ÍSAT kennslu. Það fór fram bæði innan bekkjar, í hópum og einstaklingslega.


Þroskaþjálfari er í fullu starfi við skólann. Hann var í veikindaleyfi frá septemberlokum og út skólaárið. Hann vinnur mest með nemendum á yngsta stigi og fer á allar deildir. Hann er að jafnaði einn dag á Hvanneyri, einn dag á Varmalandi og þrjá daga vikunnar á Kleppjárnsreykjum. Iðjuþjálfari fer á allar deildir og vinnur með nemendum á öllum stigum skólans. Hann er einn dag á Hvanneyri, einn dag á Varmalandi og þrjá daga á Kleppjárnsreykjum.

Stöðu- og framvindupróf


Vorið 2026 gaf MMS út ný stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði sem allir nemendur í 4., 6. og 9. bekk skulu þreyta á hverju ári. Skólar geta síðan ákveðið að láta aðra bekk taka prófin og GBF lét alla nemendur í 4. - 9. bekk þreyta prófin vorið 2026. Tilgangur stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemenda og framvindu í námi, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta námslegum þörfum nemenda á árangursríkan hátt (af vef MMS).

Niðurstöður stöðu- og framvinduprófa

Lesskilningur



Stærðfræði



Lesfimi

Niðurstöður lesfimi prófa MMS tekin í september og maí nema hjá 1. bekk, sem er frá janúar og maí

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Borgarfjarðar 2026

1.bekkur		jan	%	maí	%
	UM	4	29	5	36
	VM	8	57	7	50
	YM	2	14	2	14

2.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	12	54	11	48
	VM	9	41	10	43
	YM	1	5	2	9

3.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	6	26	6	26
	VM	13	57	14	61
	YM	4	17	3	13

4.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	8	50	8	47
	VM	7	44	6	35
	YM	1	6	3	18

5.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	1	8	1	8
	VM	8	61	7	54
	YM	4	31	5	38

6.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	7	39	4	24
	VM	8	44	7	41
	YM	3	17	6	35

7.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	3	30	3	27
	VM	7	70	8	73
	YM	0	0	0	0

8.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	2	25	4	33
	VM	5	63	7	58
	YM	1	12	1	8

9.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	2	13	3	18
	VM	10	67	10	59
	YM	3	20	4	24

10.bekkur		sep	%	maí	%
	UM	2	18	5	38
	VM	6	55	5	38
	YM	3	27	3	23

Allir bekkir		sep	%	maí	%
	UM	47	31	50	31
	VM	81	54	81	51
	YM	22	15	29	18

	undir meðaltali
	við meðaltal
	yfir meðaltali

Kannanir

Skólapúlaskannanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur og foreldra. Starfsmannakönnun er komin gegnum Moodup sem er á vegum Borgarbyggðar. Nemendakönnun 6.- 10. bekkjar er tekin á hverju ári en aðrar kannanir eru teknar annað hvert ár. Í vetur var lögð fyrir nemendakönnun 6.-10. bekkjar. Niðurstöður má sjá á heimasíðu skólans www.gbfi.is. Einnig var íslenska æskulýðsrannsóknin lögð fyrir 4. - 10. bekk.

Commented [SB1]: Þarf að muna að setja inn á heimasíðuna ;)

Foreldrasamtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittast a.m.k. þrisvar sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins er námsefniskynning í hverri bekkjardeild. Þar fara nemendur í samvinnu við umsjónarkennara yfir námsefni og starf vetrarins og foreldrar velja sér bekkjarfulltrúa í hverri bekkjardeild. Síðan eru tvö einstaklingssamtöl þar sem umsjónarkennari, foreldrar/forráðamenn og nemandi hittast og fara yfir stöðu og gengi nemandans í námi og hlustað eftir röddum foreldra. Fyrsta samtalið er í byrjun október og það síðara í janúar. Í vetur höfðu foreldrar val um að koma eða taka samtalið rafrænt. Samtölin voru að mestu nemendastýrð þar sem nemendur fóru yfir stöðuna með foreldrum sínum og umsjónarkennarar voru til aðstoðar. Í seinna samtalinu er hæfnikort nemenda haft til grundvallar og farið yfir það. Niðurstöður samtalananna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar.

Starfsþróunarsamtöl

Breytt fyrirkomulag var á starfsmannasamtölum þetta árið. Í stað þess að hafa eitt starfsþróunarsamtal á ári þá prófuðu stjórnendur að hafa þrjú áfangasamtöl við starfsmenn. Fyrsta og þriðja samtalið tóku deildarstjórar en annað samtalið var á höndum skólastjóra en það fjallar að miklu leyti um hvað starfsmaðurinn sér fyrir sér næsta skólaár. Samtölin eru trúnaðarmál stjórnenda og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið en höfuðmarkmið þess eru umbætur. Í því er ekki eingöngu litið til baka heldur einnig fram á veginn. Í starfsþróunarsamtali eru ekki felldir dómur, það snýst ekki um laun starfsmannsins og er ekki einhliða frammistöðumat. Í fyrsta áfangasamtalinu er horft á persónulega þróun og framtíðarsýn. Annað áfangasamtalið er um starfshætti og umbætur. Þriðja og síðasta áfangasamtalið er um stjórnun og liðsheild. Niðurstöður áfangasamtala eru skráðar og farið með sem trúnaðarmál.

Sjálfsmatsáætlun

Skólar skila af sér sjálfsmatsáætlun fyrir þrjú ár í senn. Sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju vori og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hér má sjá áætlun um framvindu á matsviðmiðum í tengslum við BRAVOLesson sem gildir til þriggja ára og verður hún endurmetin á hverju vori. Í samráði við Sviðsstjóra fjölskyldusviðs og stjórnendur Grunnskólans í Borgarnesi var ákveðið að kaupa þjónustu frá BRAVOLesson. BRAVOLesson er vefkerfi sem er hannað til að meta gæði skólastarfs með kerfisbundnum hætti og birta upplýsingar um það opinberlega ásamt áætlun um umbætur. Í BRAVOLesson er metið eftir matsviðmiðum innra mats frá

Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Eldra sjálfsmat skólans má nálgast í eldri sjálfsmatsskýrslum.

Áætlun um innra mat Grunnskóla Borgarfjarðar 2025 - 2028			
Skólaár	2025 – 2026	2026 – 2027	2027 - 2028
Svið I – Faglegt samstarf og samræða	1.2 Faglegt samstarf og samræða 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	1.6 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir 1.8 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	1.4 Stjórnun og forysta 1.5 Umbætur og innleiðing breytinga 1.7 Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Svið II - Náms og kennsla	2.4 Gæði kennslu 2.6 Skipulag náms	2.2 Árangur náms 2.3 Vísbendingar 2.8 Ábyrgð og þátttaka	2.1 Inntak náms 2.7 Námsvitund
Svið III - Innra mat	3.1 Skipulag	3.2 Framkvæmd	3.3 Umbætur

Skólinn hefur einnig sett sér markmið út frá Menntastefnu Borgarbyggðar til að meta

Yfirmarkmið	Undirmarkmið
Framsækið skólastarf	1. Skólinn er opinn foreldrum og forráðamönnum 2. Skipulagðir eru samráðsfundir með foreldrum 3. Boðið er upp á fjölbreyttar leiðir við verkefnaskil 4. Sjálfbærni og umhverfismálum er tvinnað inn í skólastarfið 5. Nemendur hafa rödd í ráðum og teymum innan skólans 6. Leiðsagnarnám er sýnilegt í kennslustofum 7. Áhersla er á frumkvöðlamennt - upplýsinga- og snjalltækni
Vellíðan barna	1. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttri vinnuaðstöðu 2. Kennarar nýta sér aðgerðaráætlun um samskiptavanda/einelti á markvissan hátt 3. Nemendur þekki réttindi sín og finni að jafnrétti ríki í nemendahópnum 4. Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda til náms 5. Starfsmenn eru sér meðvitaðir um nauðsyn þess að nemendum líði vel og að þeir upplifi öryggi og samkennd
Framúrskarandi starfsumhverfi	1. Kennarar nýta sér sóknarfæri í umhverfinu til að efla skólastarf

	2. Unnið að gerð hugmyndabanka fyrir kennara innan Borgarbyggðar 3. Innra mat er nýtt til ígrundunar og betra starfsumhverfis 4. Að handleiðsla sé hluti af eflingu mannauðs 5. Starfsmenn hafa tækifæri til þess að sækja sér markvissa endurmenntun
--	--

Niðurstöður innra mats

Þetta ár var BRAVOLesson nýtt í fyrsta sinn fyrir innra mat skólans. Eftir að hafa rýnt í niðurstöður starfsmanna þá er þetta umbótaáætlun fyrir veturinn 2026 – 2027.

Umbót	Hvernig?	Hagnaður
1.2 Faglegt samstarf og samræða		
Starfsþróunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna.	Að gera starfsþróunaráætlun sýnilegri fyrir öllum starfsmönnum með kynningum og góðu aðgengi.	Allir starfsmenn þekkja starfsþróunaráætlun skólans og hafa aðgang að henni.
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		
Aukin fræðsla að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnnum og ráðum skólans.	Auka þekkingu einstaklinga á hlutverki þeirra í stjórnnum og ráðum skólans.	Skilvirkari störf stjórna og ráða innan skólans. Einstaklingar betur undirbúnir fyrir hlutverk sitt í stjórnnum og ráðum.
Efla samskipti við foreldra	Bjóða upp á opinn viðtalstíma reglulega yfir veturinn. Senda reglulega út fréttabréf til foreldra frá stjórnendum.	Regluleg samskipti eiga sér stað við foreldra og foreldrar upplifa gott upplýsingaflæði frá skólanum.
3.1. Skipulag		
Markviss nýting umbótaáætlunar	Umbótaáætlun unnin í samstarfi við starfsmenn og kynnt fyrir hagsmunaaðilum.	Meira aðhald og fylgst með reglulegri framvindu verkefna. Þannig getur skólinn sýnt fram á umbætur í tengslum við innra matið.

Reglulegt mat á kennslu og fagmennsku kennara.	Stjórnendur komi reglulega inn í kennslustundir, nýti matslista og samtal við kennara út frá þeim heimsóknum.	Allir kennarar fá reglulega heimsókn og endurgjöf sem styður við faglega þróun.
Tengja hagsmunaaðila við innra mat skólans.	Efla tengingu og áhrif foreldra á þróun skólastarfs með kynningu og samtali.	Hagsmunaaðilar taka þátt í innra mati og sjónarmið þeirra eru nýtt við umbætur.
<i>Menntastefna Borgarbyggðar</i>		
Hugmyndabanki innan Borgarbyggðar	Hugmyndabanki nýtist öllum kennurum í Borgarbyggð sem verður til auðgunar fjölbreytni í kennslu og námi nemenda.	Kennarar nýta hugmynda-bankann og miðla reglulega verkefnum og góðum starfsháttum sín á milli.
<i>Námsumhverfi og velferð nemenda</i>		
Leiðsagnarnámsveggir	Gera sýnilegra á veggjum fyrir nemendur og gesti	Með sýnileika geta nemendur verið meðvitaðri og útskýrt markmið náms síns.
Frumkvöðla- og sjálfbærnimennt	Nemendur séu meðvitaðri um sjálfbærni og fá að taka þátt í að skapa eitthvað nýtt.	Nemendur taka þátt í verkefnum tengdum frumkvæði og sjálfbærni.
Fræðsla og/eða umræða við nemendur í byrjun skólaárs um einelti, vellíðan og öryggi nemenda.	Að efla vellíðan og meðvitund nemenda og starfsmanna.	Nemendur þekkja leiðir til að leita aðstoðar ef þörf krefur.

Eftirfylgd með umbótaáætlun innra mats

Sjálfsmatsskýrsla er send til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar í júlí ár hvert. Umbótaáætlun er kynnt fyrir fræðslunefnd í ágústmánuði. Umbótaáætlun kynnt fyrir starfsfólki GBf í upphafi skólaárs. Umbótaáætlun kynnt fyrir skólaráði á fyrsta fundi þess á nýju skólaári.